

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um staðfestingu félagsmálaráðueytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 25 30. janúar 1968.

1. málsgrein auglýsingarinnar orðist svo:
43. Nefnd Verkamannafélagsins Hlífar, Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar, Sjómannafélags Hafnarfjarðar, Iðju, félags verksmiðjufólks í Hafnarfirði og félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði. Aðsetur í Hafnarfirði. Staðfest 26. jan. 1968, breytt 16. jan. 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

Nr. 16.

23. janúar 1969.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Fagurhólsmýrar í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Fagurhólsmýrar. Heimili þess og varnarþing er í Hofshreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum og öðrum aðilum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru þessir:

1. Fagurhólsmýri I.
2. Fagurhólsmýri II.
3. Heimili verzlunarstjóra Fagurhólsmýri.
4. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga vegna verzlunarhúss á Fagurhólsmýri.
5. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga vegna sláturhúss á Fagurhólsmýri.

Hver stofnandi greiði kr. 2000.00 sem stofngjald.

Félagsskylda samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar er því skilyrði háð, að aðila séu látin afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

4. gr.

Nú verða reist ný íbúðarhús eða önnur mannvirki á félagssvæðinu, og má þá taka nýja aðila í félagið með samþykki lögmeats aðalfundar. Nýr félagi greiði sama stofngjald og eldri félagar og öll gjöld, sem á félaginu hvíla til jafns við aðra félagsmenn frá því er hann gekk í félagið. Hann skal sjálfur kosta allar framkvæmdir, sem gera verður sérstaklega hans vegna til þess að hann geti notað mannvirki félagsins.